

frekar aðhafzt í málinu frá þeim tíma. Verður frestbeiðni hennar um sölu eigna búsins því ekki tekin til greina, enda virðist nú hagstæður tími fyrir sölu slíkra eigna, sem hér er um að ræða.

Málskostnaðarkrafa hefur engin komið fram í máli þessu.

Því úrskurðast:

Beiðni Þórdísar Davíðsdóttur um frest á sölu framangreindra eigna verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 17. október 1951.

Nr. 140/1950. **Þormóður Eyjólfsson h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Jóni Gíslasyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson

í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1950, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sýna á þeim rökum, að Losunar- og lestunardeild Próttar sé sjálfstæður atvinnurekandi, sem taki utandeildarmenn í vinnu við upp- og útskipun, en gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki fært sönnur á, að svo mikið hafi að þessu kveðið, að deildin geti talizt sjálfstæður atvinnurekandi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þormóður Eyjólfsson h/f, greiði stefnda, Jóni Gíslasyni, 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 28. okt. 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið 19. þ. m. hefur Jón Gíslason, Hlíðarvegi 3 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu sama dag með bókun í þingbók gegn Þormóði Eyjólfsyni h/f hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 101.76, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili, sem hefur sótt þing óstefndur, hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Varnaraðili hefur á hendi afgreiðslu skipa Eimskipafélags Íslands h/f hér í bæ. Samkvæmt samningi vinna meðlimir Lestunar- og losunardeildar verkamannafélagsins Þróttar að fram- og uppskipun á farmi þessara skipa. Verk þetta er unnið í ákvæðisvinnu, en þó svo, að kaupíð er miðað við dagvinnutaxta samkvæmt útreikningi stjórnar verkamannafélagsins. Í Losunar- og lestunardeildinni eru 24 meðlimir, og er ákvæðisvinnukaupinu skipt jafnt milli þeirra allra. Á tímabilinu 1. júlí 1948 til 28. febrúar 1949 nam fjárhæð sú, er varnaraðili greiddi fyrir vinnu þessa, kr. 61.056.24, og kom því í hlut sóknaraðilja kr. 2.544.01. Gerir hann í máli þessu kröfu til orlofsfjár, miðað við þessa fjárhæð, eða kr. 101.76.

Varnaraðili styður dómkröfur sínar þeim rökum, að sóknaraðili hafi ekki verið í sinni þjónustu á fyrrgreindum tíma. Telur hann sóknaraðilja hafa verið í þjónustu Losunar- og lestunardeildarinnar, er sé hinn raunverulegi vinnuveitandi hans, og beri deildinni því að greiða orlofsféð. Telur hann deildina sjálfstæðan atvinnurekanda og færir til dæmi frá 15. apríl 1949, er sýni, að hún hafi ágóða af þeirri vinnu, er hún láti verkamennina vinna.

Eigi þykir unnt að fallast á þá staðhæfingu varnaraðilja, að fyrrgreind félagsdeild sé sjálfstæður atvinnurekandi, sem hafi ágóða af starfi verkamanna, og hefur fyrrgreint dæmi ekki áhrif á þetta mál, þar eð það kom fyrir á öðrum tíma en hér ræðir um. Af því, sem upp er komið í málinu, þykir rétt að líta svo á, að félagsdeildin hafi það hlutverk að útvega menn til vinnunnar á hverjum tíma og að innheimta kaup þeirra. Samkvæmt þessu verður litið svo á, að sóknaraðili hafi á nefndu tímabili unnið í þágu varnaraðilja, og af 1. mgr. 4. gr. laga um orlof nr. 16 frá 1943 leiðir það, að varnaraðilja verður gert að greiða honum orlofsfé, eins og krafizt er í málinu, enda hefur fjárhæð kröfunnar ekki sætt sérstökum andmælum. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Varnaraðili, Þormóður Eyjólfsson h/f, greiði sóknaraðilja, Jóni Gíslasyni, kr. 101.76, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. október 1951.

Nr. 14/1950. **Tryggvi Einarsson** (Ragnar Jónsson)
gegn

Agli Árnasyni f. h. ófjárráða barna hans,
Más, Árna og Kristínar (Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Krafa um reikningsskil.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar f. á. Krefst hann algerrar sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að áfrýjanda verði dæmt að láta honum í té að viðlögðum 100 króna dagsektum greinargerð um eftirtalin atriði varðandi nýtingu jarðarinnar Miðdals í Mosfellssveit tímabilið 1. janúar 1945 til 27. júlí 1949:

- a. Leigur eftir lönd, sem leigð hafa verið til ræktunar og undir sumarbústaði.
- b. Tekjur af leigðum veiðiréttindum.
- c. Magn kvarz, sem árlega hafi verið unnið.

Loks krefst stefndi þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um málskostnað og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hafa lagt fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl. Hafa þeir gagnkvæmt samþykkt, að skjölum þessum verði gaumur gefinn við úrlausn málsins. Þá hefur stefndi